

## Minnisblað.

Til: Bæjarstjóra

Frá: Kristjáni Sturlusyni sviðsstjóra stjórnsýslu

**Efni: Samningur vegna lánshæfismats.**

Dags.: 2.12.2014

---

Ég hef rætt við Oddgeir Ottesen hagfæðing sem starfaði hjá Reitun og kom að síðasta lánshæfismati sem unnið var vegna Hafnarfjarðar.

Á síðasta kjörtímabili var meiri ástæða til þess að fá lánshæfismat vegna sveitarfélaga. Í dag er staðan hins vegar sú að minni ástæða er til þess. Dregið hefur heldur úr óvissu um stöðu bæjarfélagsins og þjóðhagsleg óvissa er einnig minni. Lánveitendur s.s. bankarnir gera sitt mat sjálfir enda hafa óháð matsfyrirtæki, þ.m.t. Reitun, ekki náð að vinna sér sess hérlandis. Þau eru með fáa viðskiptavini, starfsmannavelta er mikil og hafa ekki nægan trúverðuleiga gagnvart markaðinum.

Það er álit Oddgeirs að Hafnarfjörður hafi ekki hag af lánshæfismati sem stendur, a.m.k. ekki reglulegu eins og verið hefur. Réttara sé að fá lánshæfismat þegar sérstakt tilefni sé til. Slíkt gæti t.d. verið gagn í samningum við fjármálastofnanir þegar verið væri að vinna að fjármögnun en þá fyrst og fremst sem mótvægi við mat bankanna.